

Nd.

199. Breytingartillaga

[105. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í rikissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 1% — einn af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.